

Sp.

157. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Geirlandsá á Síðu.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á þessu ári gera brú á Geirlandsá á Síðu, og heimilar til þessa nauðsynlegt fé úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Samgöngumálanefndir Alþingis hafa í álitinu fyrir rúmu ári síðan látið þá skoðun í ljós, að til þess gæti komið — og reyndar hlyti að koma —, að styrkur sá úr ríkissjóði til samgangna á sjó við Vestur-Skaftafellssýslu, sem lengi hefur verið haldið uppi, fyrst með b/b „Skaftfellingi“ (yfir 20 þús. kr. á ári) og nú síðast með vitabátinum „Hermóði“ (10 þús. kr. og meira, eftir því sem þarf), mætti algerlega falla niður, ef og þegar framkvæmdar yrðu brúargerðir þær á Síðu og í Fljótshverfi, sem enn hefur eigi verið hafizt handa um, þannig að flutningabrautin austur alla sýsluna (V.-Skaftaf.) sé á enda komin og fær bifreiðum, þ. e. allt að Skeiðarársandi. Þessar brýr eru: Á Geirlandsá á Síðu og á Djúpa í Fljótshverfi, með minni vatnsföllum, sem brýr kæmu á um leið, sem sé „Stjórn“ nál. Geirlandsá og „Eldvatn“ hjá Teygingalæk. — Eru brýr á þessar ár löngu komnar í brúalög, enda eru þær á þjóðvegum héraðsins. Það má með vissu segja, að búið hefði átt að vera að byggja brýr þessar, en um hrið hefur annað verið látið sitja fyrir annars staðar á landinu, en nú

er hvort tveggja, að vegagerð er nú komið svo eystra, að óhjákvæmilegt verður að taka til við þessar brúarframkvæmdir, og svo er nú á þessum tíma ekki aðeins tilvalið, heldur beinlínis sjálfsgagt að nota hinn mikla nýtilkomna fjárafla til slíkra framkvæmda og ljúka þeim brúargerðum, sem bíða á þessu svæði og eru algert skilyrði eðlilegra og greiðra samgangna um alla Síðu. Þegar því vari lokið — og reyndar þá fyrst — mætti hugsa til þess að láta niður falla styrk til hinna dýru og erfiðu samgangna á sjó að og frá ströndinni við Vestur-Skaftafellssýslu. — Yrði þá aðeins eftir af strandlengju Skaftafellssýslna að sjá farborða flutningum til Öraefa í Austur-Skaftafellssýslu, sem ef til vill mætti setja í samband við samgöngukerfi Hornafjarðar, en það hefur sína sérstöðu í styrkjum til flóabáta, auk hinna almennu strandferða, algerlega óháð Vestur-Skaftafellssýslu.

Með því að vinda nú bráðan bug að áminntum brúargerðum myndi sparast styrkur til sjávarsamgangna við Vestur-Skaftafellssýslu úr ríkissjóði, er nemur tugum þúsunda króna árlega, svo að allríflegt brúarverð er þar fljótt að koma. En jafnframt myndu samgöngur héraðsins komast á tilætlaðan og öruggan rekspól, sem sé þann, að fara fram á þurru landi, og yrði þá einnig losnað við að berjast við hina erfiðu og hættulegu brimströnd, sem öllum ætti að vera keppikefli að vinna að.

Þess skal hér getið, að mál þetta hefur einnig verið rætt við þá aðila, sem við þessar samgöngur hafa komið, svo sem vegamálastjóra, forstjóra skipaútgærðar ríkisins, vitamálastjóra o. fl., sem allir eru á einu máli um það, að þessi lausn málanna er bæði heppileg og aðkallandi, þegar á allt er litið. Má því og ætla, að háttv. Alþingi liti á það með sanngirni og fallist á þá leið, sem tillagan heinist að.

Þar sem mál þetta í raun réttri þolir eigi bið (og hefði þegar átt að vera komið í framkvæmd), er lagt til, að varið verði á þessu ári (1941) sérstakri fjárhæð til þess að hefja verkið, og að gerð verði nú, svo framarlega sem efnivið skortir eigi til, aðalbrúin og sú mest aðkallandi, **brúin á Geirlandsá** (og fylgir þar með óhjákvæmilega brú á smáana Stjórn), en hin vatnsföllin bíði næstu ára, — sem héraðsbúar munu fremur setta sig við, með því að nú er orðið allsendis óþolandi, að Geirlandsá hindri nauðsynlegar flutningaferðir um þessa byggð nærri á öllum tímum árs. Við þetta mun og kannast hinn mikli og sívaxandi ferðamannastraumur austur á þessar slóðir.

Um þetta mál hefur bæði hæstv. ríkisstjórn og hv. fjárveitinganefnd Alþingis verið skrifað. Hefur vegamálastjóri látið gera áætlun um þessar brúargerðir á Síðu og í Fljótshverfi; er hana að finna í álitgerð, er hann hefur sent fjármálaráðuneytinu um þetta efni. Fer hún hér á eftir (sem fskj.).

Fylgiskjal.

7. apríl 1941.

Brúargerðir í Vestur-Skaftafellssýslu.

Þar sem ráðstafanir Alþingis hafa nú síðastliðin ár stefnt að því, að samgöngur við Vestur-Skaftafellssýslu miðist við flutninga á landi bæði til Víkur og við sveitirnar austan Mýrdalssands, en ekki sjóflutninga, eins og verið hefur síðan m/h Skaftafellingur hóf ferðir þangað, verður að taka sérstaklega til greina nauðsyn þess að flýta þar vissum samgöngubótum.

Eins og tekið er fram í bréfi sýslumanns til ráðuneytisins um mál þetta, dags. 27. okt. f. á., eru verstu torfærurnar á leiðinni **Geirlandsá** á Síðu og **Djúpá** í Fljótshverfi, sem báðar eru óbrúaðar. Báðar eru þessar ár stórvötn, Geirlandsá sjaldan bílfær, og Djúpá aldrei. Geirlandsá rennur um miðja þéttbýla sveit, og verður því sérstaklega að leggja áherzlu á, að hún verði brúuð svo fljótt sem þess er kostur. Er fyrirhuguð á hana 130 metra löng brú á stauraokum, svipuð og yfir Þverá í Landeyjum. Verðlag er nú allt mjög hækkanði og því erfitt að gera kostnaðaráætlanir, en miðað við verðlag um áramót 1939--40 er brúargerðin áætluð 70 þús. kr.

Yfir Djúpá er áformað að gera bogabruú úr járnþentri steypu 43,0 m. langa, sem með sama verðlagi er áætluð að kosta 43 þús. kr.

Á þjóðveginum um Síðu og Fljótshverfi eru enn fremur óbrúaðar Stjórn og Hörgsá á Síðu og Eldvatn hjá Teygingalæk í Fljótshverfi, sem samtals myndu kosta um 60 þús. kr., miðað við sama verðlag. Auk þeirra eru nokkrar minni ár enn austar, sem eru þó venjulega hífærar.

Með tilvisun til þessa, vil ég mæla með því, að sérstaklega Geirlandsá verði tekin í flokk brúagerða, sem næst koma til framkvæmda, jafnvel á þessu eða næsta ári, ef kostur er að fá brúarefni, enda þótt kostnaður verði vitanlega allmiklu hærri en fyrrgreind áætlun.

Geir G. Zoëga.